



19.09'19

Foreldrafélag Pálmholts

Fundinn sátu: Áslaug, Thelma Rut og Elín.

- **Rukkun til foreldra:**
Thelma ætlar að fara í það nú fyrir mánaðarmót að senda út rukkanir í heimabanka foreldra, Áslaug ætlar að senda henni nafnalista til að vinna með.
- **Brúðuleiksýning:**
Við ætlum að athuga hvort er hægt að fá hingað brúðuleiksýningu fyrir áramót, annað hvort Einar Áskel eða jólasýningu, Áslaug sér um það.
- **Töfrar:**
Meistari Einar Mikael kom og galdraði okkur upp úr skónum sl. Vor, og við ætlum að freista þess að fá hann aftur til okkar það næsta ☺
- **Dans:**
Samkvæmt reglum félagsins er gert ráð fyrir að kaupa dansnámskeið annað hvert ár, ekki varð af því síðasta vetur en við munum vinna í að það verði þennan, og það myndi þá verða fljótlega eftir áramót. Við erum með þrjú nöfn til að hafa samband við varðandi það og mun Thelma heyra í einni þeirra sem fyrsta skref í því.
- **Jólagjafir:**
Umræða var um jólagjafir til barnanna, en félagið gaf bækur í fyrra og við munum sjá hvað verður í boði í ár en bolti er ein hugmynd.
- **Auglýsing fyrir aðalfund:**
Thelma og Elín ætla að gera auglýsingu fyrir aðalfund foreldrafélagsins og Áslaug ætlar að sjá um að auglýsa hann í gegnum Karellen og tölvupóst og einnig að setja upp auglýsingar í fataherbergjum deilda
- **Aðalfundur:**
Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn í sal efra húss, miðvikudaginn 25 september kl 16:15, fundarefni verður:
 - Skýrsla formanns foreldrafélagsins, hvað var gert og hvað er á döfunni, t.d breyting á formi sveitaferða.
 - Skýrsla gjaldkera félagsins, hvað er til, hvenær er rukkað og hvert er gjaldið.
 - Kallað eftir nýliðum ca. 4-6 helst frá báðum húsum.
 - spurning um barnagæslu á útisvæðinu, þ.e. hvort við höfum við einhvern til að sinna því.

Ritari fundar: Áslaug Magnúsdóttir